

Námsáætlun

Kennarar: **Sari Maarit Cedergren** sari@fg.is
Stefán Jónsson stefanj@fg.is

Áfangi: SKÚL2gr05

Áfangalýsing:

Í áfanganum verða unnin þrívíð myndverk. Nemendur fá kennslu í þrívíddarformfræði. Unnið verður með ýmis efni s.s. leir, gifs og pappa. Nemendur læra ýmisskonar tækni við mótun og afsteypu. Nemendur læra að nýta sér þrívíddarteikniforrit og einfalda líkanagerð við vinnslu og framsetningu hugmynda sinna. Nemendur vinna markvisst í hugmyndabanka og skrá niður hugmyndir og tilraunir sem sýna vinnuferlið. Nemendur fá þjálfun í að ræða um og gagnrýna verk sín og annarra nemenda. Nemendur fara með kennara og/eða á eigin vegum á sýningar sem tengjast efni áfangans og skila umfjöllun um þær. Íslenskir listamenn sem vinna verk með þeirri tækni sem kennd er í áfanganum verða kynntir.

Þekkingarviðmið *Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- eiginleikum mismunandi efna til skúlptúrgerðar
- mismunandi aðferðum við skúlptúrgerð
- líkanagerð
- þrívíddarteikniforriti
- starfi íslenskra myndlistarmanna

Leiknisviðmið *Nemandi skal öðlast leikni í að*

- byggja upp verk í þrívídd
- nota mismunandi efni til skúlptúrgerðar
- móta, setja saman og taka afsteypur af skúlptúrum
- nýta sér þrívíddarforrit og líkanagerð við hugmyndavinnu

Hæfniviðmið *Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- skapa þrívíð myndverk sem eru áhugaverð og persónuleg sem er metið með verkefnum
- fjalla um hugmyndalegan og verklegan bakgrunn verka sinna sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verk sín og annarra sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn

Námsmat: Þetta er símatsáfangi og öll verkefni verða metin til einkunnar svo og ástundun og virkni í tímum og umræðum. Metið verður meðal annars með tilliti til sjálfstæðis, tækni, fagurfræði, hugmyndaauðgi, vinnusemi og vinnubragða og hvernig nemandi tekur leiðsögn. Upplýsingar um nánari útfærslu námsmats fáist þið hjá kennara.

Verkefnaáætlun verður sett á INNU og verður hún uppfærð tvær til fjórar vikur fram í tímann.

❖ **Nauðsynlegt er að nemendur séu virkir að skoða INNU!**

Skrásetja í Ferilmöppu. Nemendur eiga að taka ljósmyndir af verkum sínum á nokkrum stöðum í ferlinu og setja inn á OneDrive í möppu sem heitir FERILMAPPA og þar inni á hver nemandi að eiga möppu með fullu nafni og undirmöppum frá hverjum áfanga myndlistarbrautar þar sem nokkrar myndir af hverju verkefni, ferlinu og lokaverki, eru settar inn og merktar með heiti annar s.s. núna **SKÚL2gr05 V21**. Þessi myndabanki verður svo lagður til grundvallar Ferilmöppu sem nemendur læra að útbúa í lok náms á Myndlistarbraut og Hönnunar og markaðsbraut/ hönnunarsviði. Eins er hægt að nýta myndbankann sem “portfolio” fyrir umsóknir í framhaldsnám.

87% Raunmæting.

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%.

Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir.

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum.

Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.